

Hr. Össur Skarphéðinsson  
Utanríkisráðherra  
Utanríkisráðuneytið  
Reykjavík

Lómatjörn 4. maí 2013

Ágæti ráðherra,

Níundi fundur samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu var haldinn í utanríkisráðuneytinu hinn 22. mars síðastliðinn. Hófst fundurinn á því að bjóða nýja fulltrúa Þróunarsamvinnunefndar velkomna til fundar í samstarfsráðinu og nýjan deildarstjóra Íslensku friðargæslunnar, Emil Breka Hreggviðsson, velkominn til starfa. Viðfangsefni fundarins sneru að nýjum stefnum sem unnar hafa verið ásamt því sem fundinum var greint frá aðild Íslands að Þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD/DAC) og niðurstöðum rýnskýrslu sem unnin var í aðdraganda aðildarinnar. Kynnt var ný aðgerðaáætlun fyrir Palestínu 2013-2016, ný áætlun um framkvæmd ályktunar Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi, ný mannauðsstefna fyrir utanríkisráðuneytið og ÞSSÍ á sviði þróunarsamvinnu og áherslur í samstarfi íslenskra stjórnvalda við háskólasamfélagið á sviði þróunarsamvinnu. Umræður á fundinum voru góðar og lýsti samstarfsráðið yfir mikilli ánægju með það mikla og góða starf sem fram hefur farið innan utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands hvað varðar stefnumörkun og ritun nýrra stefnuskjala á undanförmum mánuðum í samræmi við þróunarsamvinnuáætlun.

María Erla Marelsdóttir greindi samstarfsráðinu frá aðild Íslands að Þróunarsamvinnunefnd OECD og aðildarferlinu. Hún fjallaði jafnframt um niðurstöður skýrslu teymis frá Þróunarsamvinnunefndinni sem kom til landsins í nóvember sl. og framkvæmdir sérstaka rýni á umgjörð þróunarsamvinnu Íslands. Það er ánægjulegt að heyra að niðurstöðurnar eru í heildina séð afar jákvæðar og afar gagnlegt að fá ábendingar um það sem skoða þarf betur. Það er jafnframt ánægjulegt að sjá að sumar ábendingarnar hafa núþegar verið teknar til greina í nýrri þróunarsamvinnuáætlun fyrir tímabilið 2013-2016 sem nýlega hefur verið samþykkt á Alþingi.

Þá kynnti Þórarinna Söbech endurmat á fyrstu áætlun Íslands um framkvæmd ályktunar Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 og drög að nýrri áætlun íslenskra stjórnvalda fyrir tímabilið 2013-2016. Endurmatið og nýja áætlunin eru unnin í samræmi við þróunarsamvinnuáætlun, þar sem rík áhersla er lögð á framgang ályktananna í starfi Íslands að friðaruppbyggingu. Áætlunin skiptist í fjögur meginmarkmið sem snúa að: 1. Fræðslu og málsvaustarfi, 2. Þátttöku, 3. Fyrirbyggjandi starfi, vernd, aðstoð og endurhæfingu og 4. Samstarfi og samráði. Eftir góðar umræður lýsti samstarfsráðið yfir stuðningi við áætlunina.


Því næst greindi Svanhvít Aðalsteinsdóttir frá drögum að aðgerðaáætlun fyrir Palestínu fyrir árin 2013-2016, en þar er greint frá með hvaða hætti Ísland hyggst veita Palestínu stuðning næstu árin. Þar sem íslensk stjórnvöld eru ekki með viðveru í landinu er stuðningnum einkum beint í gegnum alþjóðastofnanir og félagasamtök, bæði innlend og íslensk, auk þess sem palestínskir nemendur stunda nám við Alþjóðlega jafnréttisskólann á

Íslandi. Eftir kynninguna og umræður um áætlunina lýsti samstarfsráðið yfir stuðningi við skjalið.

María Erla greindi því næst frá sameiginlegri mannauðsstefnu utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ. Í stefnunni er lögð áhersla á þjálfun, fræðslu og menntun, starfsmannaskipti og teymisvinnu og að ávallt sé tekið mið af jafnréttisstefnum og –áætlunum ráðuneytisins og ÞSSÍ. Í umræðunum kom fram stuðningur samstarfsráðsins við stefnuna, en þó var lagt til að skoðaðir yrðu betur nokkrir þættir, s.s. fræðsla til starfsfólks sem fer til starfa á vettvangi og hefur enga reynslu af störfum í þróunarlöndum auk þess sem fjallað verði um með hvaða hætti móttöku starfsmanna eftir að heim er komið er háttáð. Þá fannst ráðinu mikilvægt að skoða flutningsskyldu starfsmanna sérstaklega m.t.t. uppbyggingar reynslu og þekkingar.

Þá kynnti Pálína Björk Matthíasdóttir áherslur í samstarfi íslenskra stjórnvalda og háskólasamfélagsins á sviði þróunarsamvinnu. Hún sagði skjalið fyrst og fremst kortlagningu á því hvað hefur verið gert og á hvaða sviðum hægt er að leggja aukna áherslu á stuðning við, en nánari útfærslur verða lagðar fram á gildistíma nýrrar þróunarsamvinnuáætlunar. Í umræðunum kom fram ósk samstarfsráðsins um að þá verði m.a. skoðaðir nánar frekari styrkir til námsmanna og efling fræðasamfélagsins hvað varðar úttektir og þjálfun sérfræðinga á því sviði. Að því loknu lýsti samstarfsráðið yfir stuðningi við áherslurnar.

Með kveðju,



Valgerður Sverrisdóttir

Formaður Samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu

Afrit. Fulltrúar í Samstarfsráði um alþjóðlega þróunarsamvinnu.